



STAÐARÁRVIRKJUN Í BAKKAFIRÐI

Deiliskipulag

Greinargerð - tillaga til auglýsingar

14. ágúst 2026





STAÐARÁRVIRKJUN Í BAKKAFIRÐI

Greinargerð

Skv. skipulagslögum nr. 123/2010

og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021

Unnið af Verkís

Höf: EBK – Rýnt: EIJ – Samþ: ÞG

Verknr: 25025-001





SAMÞYKKTIR

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd þann

og í sveitarstjórn Langanesbyggðar þann

Tillagan var auglýst frá _____

með athugasemdafresti til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda

þann _____

ÖNNUR SKIPULAGSGÖGN

STAÐARÁRVIRKJUN Í BAKKAFIRÐI. Deiliskipulag - tillaga til auglýsingar. Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:10.000/1:2.000, blaðst. A1. Dags. 14. ágúst 2026.

Staðarárvirkjun. Allt að 1 MW vatnsaflsvirkjun. Fyrirspurn um matsskyldu. Ágúst 2026.



EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR.....	1
1.1	TILDRÖG.....	1
1.2	TILGANGUR OG MARKMIÐ.....	1
1.3	MÁLSMEDFERÐ OG KYNNING	1
2	FORSENDUR OG SAMHENGIR SKIPULAGSGERÐAR.....	3
2.1	SKIPULAGSSVÆÐIÐ	3
2.2	VEÐURFAR	3
2.3	JARÐFRÆÐI	3
2.4	VATNAFAR, VATNSHLOT OG VATNALÍF.....	4
2.5	NÁTTÚRUMINJAR OG VISTGERÐIR.....	4
2.6	MENNINGARMINJAR	5
2.7	LANDSLAG OG VÍÐERNI	5
2.8	NÁTTÚRUVÁ	5
2.9	GILDANDI AÐALSKIPULAG	6
2.10	DEILISKIPULAG	7
2.11	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR.....	7
3	DEILISKIPULAG.....	10
3.1	LÓÐ OG BYGGINGARREITUR.....	10
3.2	FRAMKVÆMDAREITUR.....	10
3.3	VATNSAFL OG RENNSLI	10
3.4	STÍFLA, YFIRFALL OG BOTNRÁS	10
3.5	VEITUSKURÐUR OG VATNSFARVEGUR.....	11
3.6	INNTAK OG AÐRENNSLISPÍPA.....	11
3.7	FRÁRENNSLISSKURÐUR	11
3.8	EFNISTAKA OG EFNISLOSUN.....	11
3.9	VEGUR	12
3.10	VEITUR.....	12
3.11	MENNINGARMINJAR	12
3.12	LÝSING	13
3.13	FRÁGANGUR OG AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA.....	13
3.14	MENGUNARVARNIR	13

4	UMHVERFISMAT SKIPULAGSINS	14
4.1	MATSSKYLDA FRAMKVÆMDAR.....	14
4.2	MIKILVÆGIR UMHVERFISÞÆTTIR.....	14
4.3	AÐFERÐIR VIÐ UMHVERFISMAT.....	15
4.4	UMHVERFISÞÆTTIR, VIÐMIÐ OG VÍSAR	16
4.5	VALKOSTIR.....	21
4.6	ÁHRIF VALKOSTA	21
4.7	HEILDARÁHRIF DEILISKIPULAGSINS.....	26



1 INNGANGUR

1.1 TILDRÖG

Arctic Hydro hefur áform um að reisa vatnsaflsvirkjun í Staðará í Bakkafirði. Áætlað uppsett afl virkjunarinnar er allt að 1 MW og árleg orkuframleiðsla um 5,5 GWh. Virkjunin verður tengd við dreifikerfi Rarik. Framkvæmdin er í samræmi við tillögur starfshóps á vegum umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að aðgerðum til að efla samfélagið í Langanesbyggð. Starfshópurinn taldi litlar virkjanir geta haft góð áhrif á rekstur dreifikerfisins, minnkað töp og styrkt samkeppnisstöðu svæðisins.¹

Áhrifamat vatnshlota hefur farið fram og samkvæmt niðurstöðum þess er ekki gert ráð fyrir að sækja þurfi um heimild til breytinga á vatnshlotum vegna framkvæmdarinnar í samræmi við 18. gr. laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Framkvæmdasvæðið tilheyrir sveitarfélaginu Langanesbyggð. Í gildi er *Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007–2027* og samkvæmt því er framkvæmdasvæðið skilgreint sem landbúnaðarland.

Fyrirhuguð virkjun fellur undir lið 3.15 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 111/2021. Liðurinn tilheyrir flokki B og er framkvæmdin því tilkynningarskyld til ákvörðunar HMS (áður Skipulagsstofnunar) um matsskyldu. Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu Staðarvirkjunar er til kynningar í Skipulagsgátt (mál nr. 983/2026), en tilkynningin er jafnframt hluti af umhverfismati deiliskipulagsins.

Samhliða gerð deiliskipulagsins er gerð breyting á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 vegna virkjunarinnar. Jafnframt er skýrsla vegna fyrirspurnar um matsskyldu nýtt sem hluti af umhverfismati aðalskipulagsins.

1.2 TILGANGUR OG MARKMIÐ

Tilgangur skipulagsins er að skapa svigrúm fyrir uppbyggingu Staðarvirkjunar í Bakkafirði.

Markmið byggingar Staðarvirkjunar er að efla orkuöryggi í Langanesbyggð þar sem brýnt er orðið að byggja upp orku- og orkuflutningsmannvirki. Þannig er leitast við að tryggja efnahagslegan og félagslegan grunn samfélagsins sem staðið hefur höllum fæti. Markmið framkvæmdarinnar er einnig að framleiða endurnýjanlega orku á sjálfbæran og hagkvæman hátt, með lágmörkun umhverfisáhrifa.

1.3 MÁLSMEÐFERÐ OG KYNNING

Deiliskipulagið er unnið í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og í samræmi við 2. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Ráðgjafi við skipulagsgerðina er Verkís.

Skipulagslýsing verkefnisins var tekin fyrir í skipulags- og umhverfisnefnd 8. apríl 2025 og í Hverfisráði Bakkafjarðar 8. maí. Hverfisráð bókaði um áhyggjur vegna röskunar á náttúru í Bakkafirði og lagði til að gripið yrði til mótvægisáðgerða m.a. að tryggja að Draugafossi verði hlíft. Sveitarstjórn samþykkti á 45. fundi sínum þann 15. maí 2025 að auglýsa skipulagslýsinguna og óskaði jafnframt eftir að gripið yrði til mótvægisáðgerða til að tryggja að Draugafossi verði hlíft.

Skipulagslýsingin var kynnt 30. maí – 20. júní 2025. Umsagnir bárust frá 11 aðilum auk Skipulagsstofnunar.

¹ Stjórnarráð Íslands. (2024). Skýrsla starfshóps um eflingu samfélagsins á Langanesi á málefnaviði umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins. Sótt 28. mars 2025 af <https://www.stjornarradid.is/>


Tafla 1.1 Umsagnir um skipulagslýsingu.

Aðili	Dags.	Ábendingar
Norðurþing Líney Gylfadóttir	3. júní 2025	Gerir ekki athugasemd.
Minjastofnun Íslands Sædis Gunnarsdóttir	6. júní 2025	Minnir á að gera þarf fornleifaskráningu.
Náttúruverndarstofnun Axel Benediktsson og Ingibjörg Marta Bjarnadóttir	10. júní 2025	Vistgerðir, lífríki, landslag og ásynd, sérstaka vernd, náttúruverndarstefnu sveitarfélagsins og gerð umhverfismats áætlunarinnar.
Náttúrufræðistofnun Lovísa Ásbjörnsdóttir	11. júní 2025	Ábendingar varðandi sérstaka vernd, vistgerðir, lífríki, landslag og ásynd og umhverfismat áætlunarinnar.
Skipulagsstofnun Margrét Þóra Sæmundsdóttir	12. júní 2025	Minnir á 5. gr. jarðalaga, að hafa gott samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila og að skila inn stafrænum gögnum.
Rarik Haraldur Jónatan Klausen	13. júní 2025	Gerir ekki athugasemdir við lýsinguna en óskar eftir að haft verði tímanlega samband vegna strengja.
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra Jóhannes H Hauksson	19. júní 2025	Gerir ekki athugasemd.
Vegagerðin Magnús Björnsson	20. júní 2025	Óskar eftir samstarfi við vinnslu skipulagsins hvað varðar þætti er snúa að vegum, umferð, umferðaröryggi, námum og öðrum þáttum. Minnir á ákvæði laga um vegheggun og tengingar við þjóðvegi.
Hafrannsóknastofnun Hrönn G. Guðmundsdóttir og Hlynur Bárðarson	20. júní 2025	Ábendingar varðandi vatnshlot, vistgerðir, lífríki og efnistöku.
Veðurstofa Íslands Hlíf Sævarsdóttir	7. júlí 2025	Gerir ekki athugasemd.

Fiskistofa Hera K. Aradóttir	16. júlí 2025	Tekur undir umsögn Hafró. Bendir á leyfismál.
---------------------------------	---------------	--

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkti á fundi sínum þann 9. apríl 2026 að kynna vinnslutillögur deiliskipulags og aðalskipulagsbreytingar fyrir Staðarárvirkjun. Vinnslutillögurnar voru kynntar frá 24. apríl til og með 8. maí 2026. Alls bárust umsagnir frá fimm umsagnaraðilum vegna deiliskipulagsins.

Tafla 1.2 Umsagnir um vinnslutillögu.

Aðili	Dags.	Ábendingar
Hafrannsóknastofnun Hlynur Bárðarson	7. maí 2026	Gerir athugasemdir varðandi votlendi, bakkagróður, vatnshlot, náttúru og leyfi.
Minjastofnun Íslands Sædis Gunnarsdóttir	7. maí 2026	Gerir athugasemdir varðandi fornleifaskráningu, flöggun fornminja, friðlýsingu kirkju og ákvæði laga um menningarminjar.
Rarik Guðrún Ólafía Brynleifsdóttir	7. maí 2026	Gerir ekki athugasemdir.
Náttúrufræðistofnun Ingvar Atli Sigurðsson	8. maí 2026	Gerir athugasemdir varðandi vistgerðir, fuglalíf, jarðminjar og valkosti.
Vegagerðin Magnús Björnsson	8. maí 2026	Gerir athugasemdir varðandi vegi, gatnamót, veggönnunarreglur og leyfisveitingar.

Tekið hefur verið mið af umsögnum við gerð skipulagsins.



2 FORSENDUR OG SAMHENGÍ SKIPULAGS-GERÐAR

2.1 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Skipulagsgerðin tekur til svæðis fyrir alla helstu framkvæmdaþætti Staðarárvirkjunar við Bakkafjörð, þ.e. svæðis fyrir lón og stíflu, veituskurð milli Rauðár og Staðarár, þröskuld í Rauðá, þrýstipípu meðfram Staðará að vestanverðu, efnisnámu, vinnuvegi, frárennslisskurð, veitur, aðkomuveg og lóð stöðvarhúss auk spennistöðvar Rarik. Skipulagssvæðið er um 190 ha að stærð, sjá *Mynd 2.1*. Svæðið liggur innan marka jarðarinnar Skeggjastaðir (L156376).

Skipulagssvæðið liggur hæst í um 195 m y.s. og landi hallar þaðan til norðurs eða norðausturs. Staðará og Rauðá eru dragár sem eiga upptök sín í Staðardrögum í um 480 m y.s. Árnar renna svo til samhliða tæplega 13 km kafla þar til Rauðá sameinast Staðará í um 22 m y.s., skammt ofan við Draugafoss. Þaðan rennur Staðará á um 850 m kafla í Bakkafjörð og deilir ós með Bakkaá.²

Skipulagssvæðið er óbyggt en á norðurhluta þess er aflagt ræktað land. Næsti bær er Skeggjastaðir, í eigu Þjóðkirkjunnar, engin ábúð er á staðnum en Skeggjastaðakirkja er friðlýst³.

Aðkoma að skipulagssvæðinu er um Norðausturveg (85) samkvæmt Vegaskrá.⁴ Rafstrengur Rarik (11 kV),⁵ milli aðveitustöðvar á Þórshöfn og aflstöðvar á Bakkafirði, þverar Staðará rétt ofan við ós Staðará.

2.2 VEÐURFAR

Nálægasta veðurathugunarstöð við skipulagssvæðið er á Miðfjarðarnesi. Meðalhiti á Miðfjarðarnesi á árunum 2000-2023 var 3,4°C og meðalúrkoma um 630 mm á ári. Samkvæmt vindatlas Veðurstofu Íslands eru suðvestlægar og norðaustlægar áttir algengastar á skipulagssvæðinu.⁶

2.3 JARÐFRÆÐI

Samkvæmt jarðfræðikorti NÍ flokkast berggrunnur skipulagssvæðisins að mestu sem blágrýti, þ.e. basískt og ísúrt gosberg og setlög, sem er eldra en 3,3 milljón ára. Um svæðið liggur einhallabelti Austurlands, sem einkennist af óvenjumiklum jarðlagahalla og getur verið allt að 40°.⁷

Innan svæðisins eru jarðgrunnsmyndanir frá síðjökultíma sem eru mikilvægar fyrir jöklunarsögu landshlutans, má þar t.d. nefna forn fjörumörk við Draugafoss.⁸

² Verkís. (2025). Staðarárvirkjun. Forathugun. Skýrsla nr. 456180

³ Minjastofnun Íslands. (2026). Minjavefsjá. Sótt 26. maí 2026 af <https://www.minjastofnun.is/>


⁴ Vegagerðin (2025). Vegakrá 2024. Sótt 28. mars 2025 af <https://www.vegagerdin.is/>

⁵ Rarik (2025). Kortasjá. Dreifikerfi. Sótt 31. mars 2025 af <https://www.rarik.is/>.


⁶ Veðurstofa Íslands (2025). Miðfjarðarnes. Sótt 28. mars 2025 af <https://vedur.is/>.

⁷ Náttúrufræðistofnun Íslands (2025). Jarðfræðikort. Sótt 28. mars 2025 af <https://jardfraedikort.ni.is/>.

⁸ Náttúrufræðistofnun. 2026. Umsögn um vinnslutillögur skipulags vegna Staðarárvirkjunar. Bréf dags. 8. maí 2026. Málsnúmer: 202604-0054. NA.



Mynd 2.1 Afmörkun skipulagssvæðis vegna Staðarárvirkjunar í Bakkafirði, sýnd með rauðri brotalínu. (Loftmynd: Náttúrufræðistofnun, 2025)



Mynd 2.2 Vistgerðir á skipulagssvæðinu. (Grunnmynd: Náttúrufræðistofnun)



2.4 VATNAFAR, VATNSHLOT OG VATNALÍF

Vatnasvið fyrirhugaðrar virkjunar er um 26,2 km², þar af er vatnasvið Staðarár 10,2 km² og Rauðár 16,0 km². Afrennsli á vatnasviði Staðarár er áætlað 38,5 l/s/km² og Rauðár 42,4 l/s/km² í Staðarárdrögum.

Skipulagssvæðið er innan grunnvatnshlotsins 102-292-G *Austfirðir*. Efri hluti Rauðár, ofan við ármót Rauðanúpslækja og Rauðá, tilheyrir vatnshlotinu 102-1349-R *Rauðá*. Eftir það eru Staðará og Rauðá í sameiginlega straumvatnshlotinu 102-1417-R *Staðará/Rauðá*.⁹

Unnið hefur verið sérstakt áhrifamat á vatnshlot¹⁰ vegna fyrirhugaðrar virkjunar. Niðurstöður þess sýna að helstu áhrif tengjast breytingum á rennsli og samfellu farvega á afmörkuðum köflum Staðarár og Rauðár. Áhrif á líffræðilega gæðabætti eru metin lítil til nokkur en áhrif á eðlisefnafræðilega gæðabætti óveruleg. Að teknu tilliti til fyrirhugaðra mótvægisáðgerða er það niðurstaða matsins að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda hnignun á ástandi viðkomandi vatnshlota eða koma í veg fyrir að þau nái umhverfismarkmiðum sínum samkvæmt lögum um stjórn vatnamála.

Staðará er fiskgeng upp að Draugafossi og eru seld veiðileyfi í ána.¹¹ Veiðitölur fyrir ána eru ekki aðgengilegar samkvæmt lýsingum á Bakkaá¹², sem deilir ósi með Staðará, má þar vænta bleikju og lax. Árnar eru ófiskgengar ofan Draugafoss en veiðifélag Sandvíkur selur veiðileyfi í Staðará. Í athugun Hafrannsóknarstofnunar ofan Draugafoss fundust bleikjuseiði í báðum ánum sem voru frá 6,5-8,5 cm að lengd og frá 3+ til 6+ ára að aldri.¹³ Kynþroska hængar voru þar á meðal sem bendir til þess að

þeir verði kynþroska við um 7 cm lengd eftir 2-3 vetur. Hvorki veiddust urriðar né hornsíli í þessari athugun en í niðurstöðum kemur fram að á norðausturhorni landsins sé algengt að finna staðbundna stofna bleikju og urriða ofan gönguhindrana.

2.5 NÁTTÚRUMINJAR OG VISTGERÐIR

Skipulagssvæðið er utan svæða á náttúruminjaskrá samkvæmt upplýsingum á vef Náttúruverndarstofnunar.¹⁴ Skipulagssvæðið er einnig utan svæða sem eru hluti af tillögum Náttúrufræðistofnunar¹⁵ til B-hluta náttúruminjaskrár.

Draugafoss í Staðará telst náttúruvirkibær sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Einnig er að finna votlendi innan skipulagssvæðisins sem nýtur sömu verndar.¹⁶

Vistgerðir á skipulagssvæðinu eru sýndar á *Mynd 2.2* og samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar fellur nyrsti hluti skipulagssvæðisins, þar sem fyrirhugað er að staðsetja aðkomuveg, innan vistgerðarinnar *tún og akurlendi*, sem hafa lágt verndargildi. Mestur hluti skipulagssvæðisins er innan náttúrulegra vistgerða og er fjalldrapamóavist þar algengust og verndargildi hennar er miðlungs.

Innan skipulagssvæðisins er einnig töluvert er af votlendi og það telst oft meðal viðkvæmra og mikilvægra vistgerða sem að jafnaði hafa hátt verndargildi. Algengustu votlendisvistgerðirnar eru brokflóavist og starungsmýravist sem báðar hafa mjög mikið verndargildi.¹⁷

Samkvæmt almennum lýsingum hefur gróðurfar á Langesströnd á sér heimskautablæ, mótað af köldum vindum, lágum sumarhita og raka frá tíðri þoku.¹⁸ Heiðar Bakkaflóa einkennast af þýfðu mólendi með mosa- og

⁹ Umhverfis- og orkustofnun. (2025). Vatnavefsjá. Sótt 28. mars 2025 af <https://vatnavefsja.vedur.is/>.

¹⁰ Verkís. (2026). Staðarárvirkjun í Langesbyggð. Mat á áhrifum á vatnshlot.

¹¹ Aðalskipulag Langesbyggðar 2007-2027. Greinargerð og umhverfisskýrsla. Sótt 10. mars 2026 af <https://www.skipulagsvefsja.is/>

¹² Veiðiheimar. (2025). Bakkaá í Bakkaafirði. Sótt 31. október 2025 af <https://veidiheimar.is>

¹³ Hlynur Bárðarson. 2025. Minnisblað vegna seiðamælinga í Staðará og Rauðuá í Bakkaafirði. Hafrannsóknarstofnun, unnið fyrir Verkís. Hafnarfjörður, október 2025.

¹⁴ Náttúruverndarstofnun. (2026). Náttúruminjaskrá. Sótt 10. mars 2026 af <https://www.nattura.is>

¹⁵ Náttúrufræðistofnun. (2026). Kortasjár. Tillögur til B-hluta náttúruminjaskrár. Sótt 10. mars 2026 af <https://www.natt.is/is>

¹⁶ Náttúrufræðistofnun. (2026). Kortasjár. Sérstök vernd náttúruvirkibæra (61. gr.). Sótt 10. mars 2026 af <https://www.natt.is/is>

¹⁷ Náttúrufræðistofnun. (2026). Kortasjár. Vistgerðir. Sótt 10. mars 2026 af <https://www.natt.is/is>

¹⁸ Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir o.fl. (2020). Starfsstöð í náttúruannsóknum við Bakkaflóa. Náttúrustofa Norðausturlands. Sótt 11. mars 2026 af <https://nna.is/>



fléttugróðri, lyngi og fjalldrapa með grýttum melum inn á milli. Þann 7. ágúst 2025 fór vistfræðingur um fyrirhugað framkvæmdasvæði og bar vistgerðir saman við vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar. Niðurstaðan var sú að vistgerðarkortið endurspeglar vistgerðir á svæðinu vel. Algengasta vistgerðin á svæðinu er sem fyrr segir fjalldrapamóavist en í henni má vænta ríkulegs fuglalífs. Almennt eru algengustu varpfuglar í fjalldrapamóavist þúfuttlingur, hrossagaukur, spói, heiðlóa, lóupræll og rjúpa¹⁷. Straumandar má vænta á Staðará og heiðagæsar upp til heiða.

Í fuglaathugunum á svæðinu varð vart við töluvert af heiðagæsum við báðar árnar. Heiðlóa, spói og þúfuttlingur eru algengir varpfuglar á svæðinu en skógarþröstur er strjáll varpfugl. Auk þess sást rjúpnakarrar og kjóar og silfurmafur sást á flugi. Straumandarpar sást einnig neðst á Rauða.¹⁹ Fálkaóðal hefur verið í klettunum við Draugafoss en var ekki í ábúð þegar fuglaathuganirnar voru gerðar, hins vegar var hrafnshreiður með stálpuðum ungum í kletti við fossinn 2026.

2.6 MENNINGARMINJAR

Fornleifar voru skráðar á skipulagssvæðinu í júlí 2025. Samtals er þar að finna 15 fornleifar, þar af 13 vörður með óþekkt hlutverk, ein tóft með óþekkt hlutverk og einar náttúruvinjar/þjóðsögustaður, Draugafoss. Fossinn telst til fornminja vegna tengingar við þjóðtrú og drauga, en fram kemur í örnefnaskrá að hann hafi mögulega verið drekkingarhylur Skeggjastaðapings.²⁰ Fornleifaskráningin hefur verið staðfest af Minjastofnun.

¹⁹ Björn Hjaltason (2026). Könnun á fuglalífi við Staðará og Rauða í Bakkafirði 10. júní 2026.

²⁰ Atli Rúnarsson. (2025). Fornleifaskráning í landi Skeggjastaða í Bakkafirði vegna fyrirhugaðrar Staðarárvirkjunar. NV nr. 24-25.

²¹ Anna Rut Arnardóttir o.fl.. (2020). Landslag á Íslandi. Flokkun og kortlagning landslagsgerða á landsvísu. Unnið af Eflu verkfræðistofu og Land Use Consultants í Skotlandi fyrir Skipulagsstofnun.

2.7 LANDSLAG OG VÍÐERNI

Samkvæmt flokkun og kortlagningu landslagsgerða á landsvísu²¹ er skipulagssvæðið innan landslagssvæðisins 7.2.4 *Langanes og Langanesströnd* en því er lýst á eftirfarandi hátt:

Nes og lágur heiðar sem ganga upp af strönd bistilfjarðar og Bakkaflóa. Land nær frá sjó upp í um 350 m hæð yfir sjávarmáli. Nokkur fjöll standa hærra og rís Gunnólfsvíkurfjall þar hæst, rúma 700 m upp frá strönd Finnaþfjarðar. Landform er ávalt og yfirborð mólent með votlendi í lægðum. Inn á milli eru melar. Nokkrar ár og lækir renna til sjávar. Við ströndina eru minni þéttbýlisstaðir auk nokkurra bæja í dreifbýli.

Samkvæmt kortlagningu á óbyggðum víðernum utan miðhálandisins, sem framkvæmd var fyrir fjórða áfanga Rammaáætlunar, fellur skipulagssvæðið utan afmörkunar óbyggðra víðerna.²² Virkjunin er í innan við 5 km fjarlægð frá víðernum.

2.8 NÁTTÚRUVÁ

Skipulagssvæðið er utan hins virka gosbeltis.²³

Hættumat vegna ofanflóða hefur ekki verið unnið fyrir skipulagssvæðið en ekki er talið líklegt að starfsemi geti verið í hættu vegna þeirra m.t.t. þeirra viðmiða sem Veðurstofa Íslands setur um staðbundið hættumat.

Ólíklegt er talið að mannvirki virkjunarinnar verði í hættu vegna sjávarflóða eða hækkunar sjávarborðs, vegna landhæðar og fjarlægðar frá strönd.


²² David C. Ostman o.fl. (2021). Óbyggð víðerni á Íslandi – greining og kortlagning á landsvísu. : Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði, Nýheimum, Höfn, 780 Hornafjörður

²³ Páll Halldórsson. (2005). Jarðskjálftavirkni á Norðurlandi. Unnið fyrir Iðnaðarráðuneytið. Veðurstofa Íslands. VÍ-ES-10.



2.9 GILDANDI AÐALSKIPULAG

Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 var samþykkt í sveitarstjórn 18. júlí 2013 og tók gildi 1. ágúst sama ár. Skipulagssvæðið er innan landbúnaðarlands samkvæmt gildandi aðalskipulagi, sjá *Mynd 2.3*. Fjörur neðan skipulagssvæðisins eru skilgreindar sem strandsvæði sem uppfylla umhverfismörk fyrir útivistarsvæði. Sunnan skipulagssvæðisins, þ.e. ofan 300 m y.s. eru skilgreint óbyggt svæði. Nokkru austan skipulagssvæðisins eru þrjú efnistökusvæði skilgreind, þ.e. E9, E10 og E12.



Mynd 2.3 Skjáskot af stafrænu aðalskipulagi Langanesbyggðar. Skipulagssvæðið er gróft afmarkað með rauðri línu.

Stefna gildandi aðalskipulags um landbúnað

Stefnumið gildandi aðalskipulags um landbúnað er:

- Í Langesbyggð skal landbúnaði tryggt nægt rými fyrir starfsemi sína.

Í gildandi aðalskipulagi kemur fram að meirihluti sveitarfélagsins sé skilgreindur með landnotkun landbúnaðar. Í kafla um óbyggð svæði segir í aðalskipulaginu að landsvæði undir 300 m y.s. og utan þéttbýlis sé skilgreint sem landbúnaður, að atvinnusvæðum í Finnafirði undanskildum.

Gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir að breytingar kunni að verða á skilgreindum landbúnaðarsvæðum á skipulagstímabilinu.

Í gildandi aðalskipulagi er tilgreint að tvær smávirkjanir séu í ánum Gunnlaugsá og Saurbæjará á jörðum Sauðaness og Hellulands sem geri búin sjálfbær um rafmagn.

Stefna gildandi aðalskipulags um atvinnu og iðnaðarsvæði

Markmið gildandi aðalskipulags varðandi atvinnu er:

- *Langesbyggð skal vera heilsteypt atvinnusvæði með fjölbreyttum atvinnutækifærum byggt á náttúru- og mannauði.*

Stefnumið gildandi aðalskipulags varðandi athafna- og iðnaðarsvæði eru:

- *Að byggja upp stórt athafna-, hafnar- og iðnaðarsvæði í Finnafirði í tengslum við olíu- og/eða gasvinnslu á Drekasvæði og/eða Austur-Grænlandi.*
- *Að ný athafnastarfsemi byggist upp í norðausturjaðri byggðar á Þórshöfn.*
- *Að byggja upp athafnasvæði við hafnarsvæðið á Bakkafirði.*
- *Athafna- og iðnaðarsvæði skulu vera með góðu aðgengi fyrir gangandi og akandi umferð.*



Í gildandi aðalskipulagi eru iðnaðarsvæði ekki skilgreind utan þéttbýlis, að undanskildum atvinnusvæðum í kringum höfn í Finnafirði. Þar er gert ráð fyrir umfangsmiklum svæðum með blandaðri landnotkun *iðnaðar-, athafna- og landbúnaðarsvæða*.

Stefna gildandi aðalskipulags um veitur

Stefnumið gildandi aðalskipulags um veitur er m.a.:

- *Að næg og örugg raforka verði tryggð fyrir íbúa og atvinnulíf.*

Í gildandi aðalskipulagi er fjallað um að binda megi vonir við að framtíðarraforkuöflun í sveitarfélaginu muni að einhverju leyti vera með öðrum hætti en tíðkaðist á Íslandi og er þar litið til endurnýjanlegra orkugjafa, s.s. beislun sjávar-, osmósu- og/eða vindorku.

Raflínur eru tilgreindar á sveitarfélagsupprætti gildandi aðalskipulags.

Stefna gildandi aðalskipulags um efnistöku

Stefnumið gildandi aðalskipulags um efnistöku eru.:

- *Að góð umgengni verði viðhöfð á efnistökusvæðum.*
- *Að gengið verði vel frá þeim efnistökusvæðum sem eru fullnýtt eða ekki er fyrirhugað að nýta næstu 3 ár.*

Í gildandi aðalskipulagi eru skilgreindar fjölmargar námur og flestar þeirra tengjast vegagerð og eru í nágrenni vega. Austan skipulagssvæðisins er náma N9 Bakki sem er nýtt af sveitarfélaginu og náma N10 sem er við Bakkaþarhófn og er ætluð til stækkunar hennar. Einnig er náma N12 Hölná austan svæðisins og er ætluð fyrir framkvæmd við Norðausturveg um Langanesströnd.

2.10 DEILISKIPULAG

Ekkert deiliskipulag er í gildi á skipulagssvæðinu eða í nágrenni við það.

2.11 TENGL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Við skipulagsgerðina verður gætt að samræmi við stefnu stjórnvalda á landsvísi um skipulagsmál og stefnu Langanesbyggðar. Helstu áætlanir og stefnuskjöl eru tilgreind hér að neðan.

Svæðisskipulag

Ekkert svæðisskipulag er í gildi innan Langanesbyggðar.

Landsskipulagsstefna 2024-2038

Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga og felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Þann 16. maí 2024 samþykkti Alþingi þingsályktun um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028.²⁴

Viðfangsefni landsskipulagsstefnu eru m.a. eftirfarandi samkvæmt þingsályktuninni:

- *Viðbrögð við loftslagsbreytingum*
- *Jafnvægi í uppbyggingu húsnæðis og lífsgæða í byggðu umhverfi*
- *Uppbygging þjóðhagslegra mikilvægra innviða*
- *Landnotkun í dreifbýli*
- *Vernd líffræðilegrar fjölbreytni*

²⁴ Skipulagsstofnun. (2025). Landsskipulagsstefna 2024–2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2028. Útgáfa stefnu eftir landfræðilegri skiptingu. Sótt 18. ágúst 2025 af <https://island.is/s/skipulagsstofnun>



Í framtíðarsýn stefnunnar segir að Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tenging byggða og Íslands við umheiminn verði í jafnvægi við umhverfið. Samkvæmt stefnunni eru meginmarkmið áætlana innviðaráðuneytisins að:

- *Innviðir mæti þörfum samfélagsins*
- *Byggðir og sveitarfélög um allt land verði sjálfbær*

Skipulagi er ætlað að stuðla að sjálfbærri þróun og lífsgæðum fólks, styðja samkeppnishæfni, vera sveigjanlegt og stuðla að viðnámsþrótti gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. Eftirfarandi áherslur Landsskipulagsstefnu 2024-2038 tengjast framkvæmdinni og skipulagsgeðinni:

Áhersla A.5 Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð víðerni og landslagsheildir.

Framfylgd við skipulagsgerð í dreifbýli:

6. Á dreifbýlissvæðum sem flokkast sem víðerni verði svigrúm fyrir takmarkaða mannvirkjagerð, svo sem gönguskála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir. Umfangsmeiri mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni. (D)

Áhersla A.6 Skipulagsgerð vegna orkunýtingar gæti að náttúruvernd.

Framfylgd við skipulagsgerð í dreifbýli:

2. Skipulag gefi kost á að nýta orkuauðlindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Mannvirki vegna orkuvinnslu falli sem best að landslagi og annarri landnotkun. (D)

3. Við greiningu á valkostum vegna nýrrar orkuvinnslu verði leitast við að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúru, landslag, menningarminjar og víðerni. (D)

Áhersla C.2 Skipulag stuðli að orkuskiptum og að orkuauðlindir verði nýttar með sjálfbærum hætti, með það að leiðarljósi að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og tryggja orkuöryggi.

Framfylgd við skipulagsgerð í dreifbýli:

3. Skipulag gefi kost á að nýta orkuauðlindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Mannvirki vegna orkuvinnslu falli sem best að landslagi og annarri landnotkun. (D)

5. Við skipulagsgerð verði tekin afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vatnsafli, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag. (D, Þ)

6. Við greiningu á valkostum vegna nýrrar orkuvinnslu verði leitast við að velja þá kosti sem hægt er að nýta sem fyrst, eru hagkvæmir og valda sem minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum. (D, Þ)

7. Settir verði fram skilmálar í skipulagi til að koma í veg fyrir, minnka eða bæta fyrir áhrif á náttúru, landslag, víðerni, vatnsvernd og aðra nýtingu. (D, Þ)

Staðarárvirkjun styður m.a. áherslur Landsskipulagsstefnu 2024-2038 um að stuðla að orkuskiptum og að orkuauðlindir verði nýttar með sjálfbærum hætti, með það að leiðarljósi. Framkvæmdin mun hafa áhrif á óbyggð víðerni.

Orkustefna til ársins 2050

Í stefnunni er sett fram tillaga að langtímaorkustefnu fyrir Ísland til ársins 2050. Fjallað er um orkuöryggi, orkuskipti, orkunýtni og orkusparnað m.t.t. umhverfis, samfélags og efnahags.²⁵

Framkvæmdin og skipulagsgerðin styður framtíðarsýn Orkustefnu 2050 um orkuöryggi, þ.e. að orkuþörf samfélagsins sé ávallt uppfyllt, innviðir séu traustir og áfallapolnir.

²⁵ Stjórnarráð Íslands. (2020). Sjálfbær orkuframtíð. Orkustefna til ársins 2050. Sótt 16. desember 2025 af <https://www.stjornarradid.is/>



Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum

Ísland hefur sett sér markmið í loftslagsmálum og í júní 2024 var kynnt ný og uppfærð aðgerðaáætlun í loftslagsmálum með 150 aðgerðum. Til að ná tilsettum árangri í loftslagsmálum hafa íslensk stjórnvöld skuldbundið sig til að ná að lágmarki 55% samdrætti í heildar losun gróðurhúsalofttegunda árið 2030 miðað við 1990 í samfloti með Evrópusambandinu og Noregi.²⁶

Haustið 2025 kynntu stjórnvöld nýjar áherslur í loftslagsmálum og drög að landsákvörðuðu framlagi Íslands 2035 til Parísarsamningsins. Samkvæmt því skuldbindur Ísland sig til að ná fram 50-55% samdrætti í nettólosun gróðurhúsalofttegunda árið 2035 miðað við árið 2005, í þeim geirum sem eru nú skilgreindir í reglugerð um samfélagslosun (ESR), þar á meðal losun frá vegasamgöngum, orkuvinnslu, sjávarútvegi, landbúnaði og úrgangsstjórnun. Ísland skuldbindur sig til að ná fram 400-500 kt CO₂ íg. samdrætti í losun frá landi (LULUCF) árið 2035 miðað við árið 2025.

Markmið Staðarárvirkjunar er að framleiða rafmagn fyrir almenning og til nota í heimabyggð. Virkjunin mun styðja stefnu stjórnvalda um orkuskipti og aðgerðir í loftslagsmálum.

Stefnumótandi byggðaáætlun 2022-2036

Markmið byggðaáætlunar er að innviðir mæti þörfum samfélagsins og byggðir og sveitarfélög um land allt verði sjálfbær.²⁷

Náttúruinjasrá og náttúruverndaráætlun

Náttúruinjasrá er listi yfir öll friðlýst svæði á Íslandi og mörg önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst. Skipulagssvæðið nær ekki inn á svæði sem tilheyrir náttúruinjasrá.

Vatnaáætlun Íslands 2022-2027

Vatnaáætlun er unnin á grundvelli laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Lögunum er ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Vatnaáætlun felur í sér stefnumörkun um vatnsvernd. Hluti af vatnaáætlun er aðgerðaáætlun þar sem settar eru fram aðgerðir til að tryggja gott ástand vatns og vöktunaráætlun þar sem markmiðið er m.a. að samræma vöktun á vatni um allt land.²⁸

Landslagssamningur Evrópu

Vorið 2019 samþykkti ríkisstjórn Íslands að fullgilda Evrópska landslagssamninginn. Markmið samningsins eru m.a. að efla vernd landslagsgerða, bæta umsjón og skipulag með tilliti til landslags. Samningnum er ætlað að tryggja að íbúar hafi aðgang að og tækifæri til að njóta fagurs landslags.²⁹

Menningarstefna í mannvirkjagerð

Í menningarstefnu í mannvirkjagerð er m.a. lögð áhersla á verndun ósnortins lands, byggingararfs og aðlögun mannvirkja að landslagi sem og gæði þeirra.³⁰

²⁶ Stjórnarráð Íslands. (2025). Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Sótt 18. ágúst 2025 af <https://www.stjornarradid.is> og <https://www.co2.is/>

²⁷ Alþingi. (2022). Þingskýlktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022–2036. Sótt 14. mars 2025 af <https://www.althingi.is>.

²⁸ Umhverfisstofnun. (2022). Vatnaáætlun Íslands 2022-2027.

²⁹ Umhverfisstofnun. (2025). Alþjóðlegar skuldbindingar. Landslagssamningur Evrópu. Sótt 18. ágúst 2025 af <https://ust.is>

³⁰ Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2014). Menningarstefna í mannvirkjagerð: Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist. Sótt 14. nóv. 2025 af <https://www.stjornarradid.is/>



3 DEILISKIPULAG

Deiliskipulagið tekur til um 190 ha svæðis sem er ætlað fyrir Staðarvirkjun og nauðsynlega innviði í tengslum við hana.

Deiliskipulagið er sett fram á deiliskipulagsuppdraetti og skilmálum í greinargerð.

Fyrirvari er gerður um heimild til breytinga á vatnshlotum vegna framkvæmdarinnar, í samræmi við 18. gr. laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011.

3.1 LÓÐ OG BYGGINGARREITUR

Um 0,5 km ofan Þjóðveg (Norðausturvegur nr. 85) eru afmörkuð lóð og byggingarreitur fyrir stöðvarhús Staðarvirkjunar, sbr. neðangreinda töflu (Tafla 3.1). Byggingarreitur nær að bökkum Staðarár, í um 26 m y.s. Reiturinn er um 150 m ofan Draugafoss. Jafnframt er afmörkuð lóð fyrir spennistöð Rarik um 40 m ofan Þjóðveg.

Tafla 3.1 Lóðir

Bygging	Stærð lóðar	Hámarksstærð byggingar	Lýsing
Stöðvarhús	5.250 m ²	120 m ² Hámarkshæð: 5 m frá gólfplötu. Húsið skal niðurgrafið að hluta.	Rými fyrir vatnsvél, rafala, vélarspenni, rofa, geymslu og hjálparbúnað ásamt eldhúskróki og salerni.
Spennistöð Rarik	400 m ²	30 m ² Hámarkshæð: 4 m frá gólfplötu.	Tengipunktur við dreifikerfi rafmagns.

Byggingar skulu vera innan byggingarreits og landmótun og rask vegna þeirra skal vera innan lóðar.

Bílastæði eru ekki sýnd á skipulagsuppdraetti, en þau skulu staðsett sem næst byggingu þannig að raski verði haldið í lágmarki.

Byggingar skulu falla vel að umhverfinu og lágmarka skal rask við gerð þeirra. Leitast skal við að lágmarka neikvæð áhrif sbr. skilmála um frágang í kafla 3.13 og leitast við að valda sem minnstu raski á bökkum við ána og viðhalda náttúrulegum bakkagróðri eins og kostur er.

3.2 FRAMKVÆMDAREITUR

Afmarkaður er framkvæmdareitur fyrir stíflu, yfirfall, botnrás, veituskurð, þröskuld, aðrennslispípu, frárennslisskurð og vegi. Þessi mannvirki og rask vegna þeirra skulu vera innan framkvæmdareits. Svigrúm er til tilfærslu mannvirkja innan reits með það að markmiði að fella mannvirki sem best að landi og/eða að lágmarka rask, svo sem m.t.t. fornminja, gróðurs, vistgerða og áskýndar.

3.3 VATNSAFL OG RENNSLI

Leyfilegt heildarafl virkjunarinnar er allt að 1 MW og heildarorkuframleiðsla er áætluð um 5,5 GWh/ári. Heimilt virkjað rennsli er 1,15 m³/s.

Gert er ráð fyrir að mynda lítið inntakslón með steyptri stíflu yfir árfarveg Staðarár. Lónið verður um 1,2 ha að stærð og með vatnsborð í um 140 m y.s. Rýmd lóns verður takmörkuð.

3.4 STÍFLA, YFIRFALL OG BOTNRÁS

Gert er ráð fyrir um 240 m langri steyptri stíflu yfir árfarveg Staðarár við núverandi vatnsborð í um 136 m y.s. Almennt skal stíflan vera lág eða um 5 m. Jafnframt er gert ráð fyrir botnrás út í Staðará og yfirfalli í 140 m y.s.



Mannvirki og rask vegna þeirra skulu vera innan framkvæmdareits, sbr. kafla 3.2. Leitast skal við að lágmarka neikvæð áhrif sbr. kafla 3.13. og draga úr skerðingu á votlendi og öðrum vistgerðum með hátt eða mjög hátt verndargildi.

3.5 VEITUSKURÐUR OG VATNSFARVEGUR

Gert er ráð fyrir að veita vatni um 1.600 m langa leið úr Rauðá í Staðará ofan inntakslóns. Gert er ráð fyrir lágum, steiptum þröskuldi í Rauðá við núverandi vatnsborð í um 183 m y.s. Þaðan er gert ráð fyrir 2,5 m djúpum og 3 m breiðum skurði fyrstu 400 m og síðan færi vatnið eftir núverandi farvegum að Staðará en þeir verða dýpkaðir og lagfærðir þar sem nauðsyn krefur.

3.6 INNTAK OG AÐRENNSLISPÍPA

Neðan stíflu er gert ráð fyrir inntaki og um 2 km langri niðurgrafinni aðrennslispípu vestan Staðará að stöðvarhúsi.

Leggja skal svarðlag og uppmokstursegfi á skurðbakka. Svarðlaginu skal halda aðskildu og endurnýta til yfirborðsfrágangs til að lágmarka ásýndarbreytingu. Eftir frágang skal lágmarka sýnileika aðflutts efnis á yfirborði. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á landformi eða vaxtarskilyrðum gróðurs. Lágmarka skal rask við framkvæmdir.

Mannvirki og rask vegna þeirra skulu vera innan framkvæmdareits, sbr. kafla 3.2. Leitast skal við að lágmarka neikvæð áhrif sbr. kafla 3.13. og draga úr skerðingu á votlendi og öðrum vistgerðum með hátt eða mjög hátt verndargildi.

3.7 FRÁRENNSLISSKURÐUR

Gert er ráð fyrir frárennslisskurði frá stöðvarhúsi út í Staðará.

Mannvirki og rask vegna þeirra skulu vera innan framkvæmdareits, sbr. kafla 3.2. Lágmarka skal neikvæð áhrif sbr. kafla 3.13 og leitast við að valda sem

minnstu raski á bökkum við ána og viðhalda náttúrulegum bakkagróðri eins og kostur er.

3.8 EFNISTAKA OG EFNISLOSUN

Gert er ráð fyrir að heildarefnisþörf (fyllingar) við virkjunarframkvæmdirnar verði rúmlega 50 þús. m³. Gert er ráð fyrir að rúmlega 30 þús. m³ af efni verði grafið upp (skeringar) vegna framkvæmda en óvissa er um hversu stór hluti af því nýtist aftur til framkvæmda á svæðinu.

Gert er ráð fyrir að allt að 10 þús. m³ af fyllingarefni geti fengist með efnistöku innan skipulagssvæðisins, þ.e. með efnistöku úr efnistöku- og efnislosunarsvæði N28, ef uppgrafið efni úr framkvæmdunum er aðeins nýtanlegt að takmörkuðu leyti. Einnig er gert ráð fyrir að um 15 þús. m³ af sandi verði sótt í námu N29 í fjöru neðan fjárhúsa í landi Skeggjastaða, utan skipulagssvæðisins. Annað umframefni skal sótt í efnistökusvæði í næsta nágrenni sem eru utan skipulagssvæðisins og mögulegar aðrar opnar námur í nágrenninu.

Umframefni sem ekki nýtist til framkvæmda og frágangs skal haugsett í efnislosunarsvæði N28 innan skipulagssvæðisins, sbr. neðangreinda töflu (Tafla 3.2) eða í öðrum opnum efnislosunarsvæðum.

Tafla 3.2 Heimilt umfang efnistöku og efnislosunar

Svæði	Flatarmál	Efnistaka	Efnislosun
Efnistöku- og efnislosunarsvæði við stíflu Staðarárlóns (N28)	0,5 ha	10.000 m ³	5.000 m ³ umfram það efnismagn sem er tekið
Malarnáma og haugsetning			

Sérstök áhersla er lögð á að endurnýta sem mest af uppgreftri til framkvæmda þannig að efnistaka úr efnistökusvæðum verði í lágmarki.



Virkjunin hefur ekki verið fullhönnuð og því er talsverð óvissa í fyrrnefndum tölum um efnistöku og haugsetningu. Einnig er óvissa um magn og gæði uppgrafsins efnis af framkvæmdasvæðum sem og á efnistökusvæðunum. Vegna óvissunnar heimilar deiliskipulagið því meiri efnistöku og haugsetningu en gert ráð fyrir í frumhönnun virkjunarinnar. Ekki er gert ráð fyrir að heimildirnar verði nýttar að fullu en þær veita svigrúm til að velja heppilegustu svæðin m.t.t. efnisgæða og umhverfisáhrifa. Efni úr efnistöku- og efnislosunarsvæði N28 skal þó eingöngu nýtt ef ekki fæst nægt nýtanlegt efni við uppgröft vegna framkvæmda.

Við lok framkvæmda skal ganga frá efnistöku- og efnislosunarsvæðinu þannig að svæðið falli sem best að umhverfi sínu og líkist sem mest landformum í nágrenni þess.

Efnistaka, allt að 100 metrum frá árbakka, er háð leyfi Fiskistofu skv. 33. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Samráð skal haft við landeigendur vegna efnistöku.

3.9 VEGUR

Aðkoma að virkjunarsvæðinu er frá Norðausturvegi (85). Þaðan er gert ráð fyrir um 800 m löngum vegi í jaðri gamals túns að stöðvarhúsi. Fjarlægð tengingar við þjóðveg að næstu gatnamótum er um 400 m til vesturs og um 1,2 km til austurs. Frá stöðvarhúsi er gert ráð fyrir um 2 km löngum slóða meðfram pípuleiðinni að stíflusvæðinu. Frá stíflunni er gert ráð fyrir rúmlega 2 km löngum slóða meðfram veituskurði að þröskuldi í Rauðá.

Vegir og vegfláar/-skeringar skulu vera innan framkvæmdareits, sbr. kafla 3.2. Leitast skal við að lágmarka neikvæð áhrif sbr. kafla 3.13. og draga úr skerðingu á votlendi og öðrum vistgerðum með hátt eða mjög hátt verndargildi.

Samráð skal haft við Vegagerðina um tengingu við Norðausturveg, þ.m.t. um tímabundna aðkomu að námu N29 (utan skipulagssvæðisins). Allar framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi Vegagerðarinnar.

Heimilt er að nýta tengingu við þjóðveg vegna mögulegrar annarrar uppbyggingar í framtíðinni.

3.10 VEITUR

Virkjunin skal tengd dreifikerfi Rarik með 11 kV jarðstreng frá vélaspenni virkjunar meðfram aðkomuvegi að nýrri spennistöð Rarik.

Samráð skal haft við Rarik um þverun jarðstrengs vegna framkvæmda og tengingar við dreifikerfið. Allar framkvæmdir innan helgunarsvæðis rafstrengsins eru háðar leyfi Rarik.

Strenglögn skal vera innan framkvæmdareits, sbr. kafla 3.2. Leitast skal við að lágmarka neikvæð áhrif sbr. kafla 3.13 og draga úr skerðingu á á votlendi og öðrum vistgerðum með hátt eða mjög hátt verndargildi, s.s. með því að strenglögn fylgi veglínu aðkomuvegar.

3.11 MENNINGARMINJAR

Til að koma í veg fyrir rask á fornminjum skulu þær minjar sem geta verið í hættu merktar á framkvæmdatíma. Flagga skal með litríkum flöggum við minjar 3472-010 og 3472-011 á framkvæmdatíma til að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski. Allar skráðar minjar og helgunarsvæði þeirra eru utan framkvæmdareits.

Skv. 21. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar má enginn spilla, granda og breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað fornminjar nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Ef áður óþekktar fornminjar finnast við framkvæmd á svæðinu skal stöðva hana án tafar og tilkynna til Minjastofnunar Íslands, í samræmi við 24. gr. sömu laga. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.



3.12 LÝSING

Lýsing er heimil á svæðinu en hún skal hæfa tilefninu á hverjum stað, bæði hvað varðar ljósmagn og útlit. Lýsingin skal vera lágstemmd og glýjulaus en jafnframt tryggja öryggi vegfarenda við mannvirki virkjunarinnar. Gæta skal sérstaklega þess að hún valdi ekki óþarfa ljósmengun, svo sem með notkun hreyfiskynjara.

3.13 FRÁGANGUR OG AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA

Haga skal framkvæmdum á svæðinu þannig að þær valdi sem minnstu raski í nærumhverfinu. Áður en framkvæmdir hefjast skal í öllum tilfellum ganga úr skugga um að verðmætum náttúruminum verði ekki raskað. Það skal gert með því að sannreyna hvort slíkar minjar eru á svæðinu áður en hafist er handa.

Frágangur og landmótun skal vera með þeim hætti að stíflan, þröskuldur, veituskurður, inntaksmannvirki, frárennsliskurður, efnistaka og haugsetning falli sem best að svipmóti lands, til að draga úr áhrifum á ásýnd og landslag.

Nýta skal uppgröft og umframefni vegna framkvæmda til landmótunar og frágangs þannig að mannvirki og röskuð svæði falli sem best að umhverfi sínu og líkist sem mest landformum í nágrenni þeirra.

Nýta skal, eins og kostur er, grenndargróður við uppgræðslu og frágang raskaðra svæða. Svarðlag á grónum svæðum sem raskast skal varðveitt þannig að það skemmist ekki og geti nýst aftur til frágangs á sama svæði. Sérstaka aðgát skal sýna við töku svarðlags á bökkum Staðarár og Rauðár. Tryggja skal að geymslutími þess verði sem stystur og að rakastig verði hæfilegt á geymslustað.

Á meðan á framkvæmdum stendur er gert ráð fyrir að vinnu verði hagað á þann hátt að umhverfissköpun verði sem minnst og rask sem af framkvæmdum hlýst verði lagfært þar sem það er unnt jafnóðum og við lok framkvæmda. Þar sem koma þarf vinnutæki um óbrotið land er æskilegt að gera það í þurrviðri og velja leið með það í huga að valda sem minnstum skaða á náttúrunni. Þar sem sár myndast í gróðurhulu skal leitast við að

græða það með grenndargróðri. Tryggja skal að ágengar tegundir, s.s. kerfill og lúpína, berist ekki inn á skipulagssvæðið.

Fylgjast skal með framvindu staðargróðurs, eftir að gengið hefur verið frá röskuðum svæðum með svarðlagi, í fimm ár frá framkvæmdum. Grípa skal til viðeigandi aðgerða ef þörf krefur í samráði við Náttúruverndarstofnun.

Svigrúm er til tilfærslu mannvirkja innan framkvæmdareita með það að markmiði að fella mannvirki sem best að landi og/eða að lágmarka rask, svo sem m.t.t. gróðurs, jarðmynda og ásýndar. Þar sem framkvæmdareitur liggur um bakka Staðarár og Rauðár skal sýna sérstaka aðgát og leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri eins og kostur er.

Á framkvæmdatíma skal eftir því sem kostur er lágmarka truflun á lífríki á svæðinu, einkum fugla- og vatnalíf.

Á framkvæmdatíma skal eftir því sem kostur er lágmarka truflun, hávaða og álag á nærsamfélagið vegna flutninga og af völdum ökutækja og vinnuvéla í grennd við byggð svæði og á þjóðvegum.

3.14 MENGUNARVARNIR

Viðhafa skal strangar mengunarvarnir á framkvæmdatíma. Forðast skal áfyllingu eldsneytis í nágrenni vatnsfalla og fylgja skal skýrum verklagsreglum og áhættugreiningu.



4 UMHVERFISMAT SKIPULAGSINS

Áhrif skipulagsgerðarinnar er metin samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. 2. gr. laganna. Áhrif skipulagsins eru metin samhliða gerð skipulagsins og mið tekið af niðurstöðum matsins við útfærslu þess.

Metnir eru valkostir um staðsetningu stöðvarhúss sbr. umfjöllun í kafla 4.4 og 4.5. Mat á heildaráhrifum skipulagsins er sett fram í tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu Staðarárvirkjunar, sjá einnig umfjöllun í kafla 4.7.

4.1 MATSSKYLDA FRAMKVÆMDAR

Staðarárvirkjun fellur í flokk B og skal tilkynna hana Skipulagsstofnun sem tekur ákvörðun um hvort framkvæmdin skuli háð umhverfismati, sbr. 19. og 20. gr. og lið 3.15 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Samhliða skipulagsferlinu hefur verið unnin matsskyldufyrirspurn til ákvörðunar HMS um matsskyldu. Fyrirspurnin er jafnframt hluti af umhverfismatsskýrslu skipulagsins og verður kynnt samhliða auglýsingu skipulagstillögu.

4.2 MIKILVÆGIR UMHVERFISÞÆTTIR

Áhrifaþættir eru þeir hlutar stefnunnar eða framkvæmdarinnar sem eru líklegir til að hafa áhrif á umhverfið. Umhverfisþættir eru þeir þættir sem framkvæmdin eða stefnan getur haft áhrif á. Umhverfismatinu er ætlað að lágmarka neikvæð áhrif og hámarka þau jákvæðu.

Í eftirfarandi töflu (*Tafla 4.1*) er vinsun umhverfisþátta, þ.e. megin matsþættir og umhverfisþættir sem eru líklegir til að verða fyrir áhrifum vegna skipulagsins. Val umhverfisþátta byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um framkvæmdina.

Tafla 4.1 Matsþættir og umhverfisþættir sem teljast líklegir til þess að verða fyrir áhrifum vegna skipulagsins.

Matsþáttur	Umhverfisþættir	Skýringar
Náttúrufarslegir þættir	Vatn, vatnalíf, jarðvegur, jarðmyndanir, dýr, plöntur, líffræðileg fjölbreytni og loftslag	Áhrif á vatnafar og vatnalíf vegna virkjunar. Áhrif á landi og áhrif á jarðveg, gróið land og jarðmyndanir vegna rasks svo sem við stíflugerð, efnistöku og lagningu þrýstipípu, veitna og vinnuvega. Áhrif á dýralíf vegna rasks og búsvæðaröskunar, einkum á framkvæmdatíma. Losun gróðurhúsalofttegunda vegna losunar jarðvegs, lóns, efnisnotkunar í virkjunina (stál og steypa) og notkunar vinnuvéla.
Menningarminjar og landslag	Landslag og menningarminjar	Möguleg áhrif á menningarminjar. Breytingar á ásýnd svæðisins, bæði á framkvæmdatíma og til lengri tíma vegna rasks og nýrra mannvirkja.
Hagrænir þættir og innviðir	Íbúar, loftslag, efnisleg verðmæti	Styrkari innviðir og aukið afhendingaröryggi raforku á svæðinu. Sterkari innviðir skapa einnig svigrúm fyrir orkuskipti. Aukin umsvif á framkvæmdatíma og störf við uppbyggingu virkjunarinnar.
Heilsa og öryggi	Heilbrigði manna, landslag, hljóð, loft og vatn	Rykmyndun, hávaði og ónæði á framkvæmdatíma. Áhrif á upplifun lands og útivist, bæði á framkvæmdatíma og til lengri tíma. Á framkvæmdatíma verður um að ræða aukna umferð um svæðið en ekki er talið að hún hafi í för með sér hættu á slysum ef vel verður staðið að merkingum á svæðinu.



4.3 AÐFERÐIR VIÐ UMHVERFISMAT

Við umhverfismat skipulagsins er stuðst við þær upplýsingar sem fyrir liggja um grunnástand umhverfis og aflað hefur verið við undirbúning skipulagsgerðarinnar og fyrirspurnar um matsskyldu.

Framsetning umhverfismats verður í formi matstafla og/eða texta.

Í umhverfismatinu er stuðst við vægiseinkunnir við mat á valkostum og einstökum þáttum skipulagsins (Tafla 4.2). Vægiseinkunnin byggir á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar.³¹

Í umhverfismatinu er lagt mat á það hvort uppbygging samkvæmt útfærslu í skipulagi eða aðrir valkostir styðji eða gangi gegn þeirri stefnu sem viðeigandi umhverfisviðmið fela í sér.

Tafla 4.2 Vægiseinkunn fyrir mat á umhverfisáhrifum vegna skipulagsgerðarinnar.

Vægiseinkunn	Skýringar
++	Veruleg jákvæð áhrif. Skipulagstillaga eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega jákvæðri breytingu á umhverfinu
+	Jákvæð áhrif. Tillaga að skipulagi eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið
0	Engin eða óveruleg áhrif / Á ekki við. Skipulagstillaga eða framkvæmd hefur engin, lítil eða óljós tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið
-	Neikvæð áhrif. Skipulagstillaga eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið
--	Veruleg neikvæð áhrif. Skipulagstillaga eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega neikvæðri breytingu á umhverfinu
?	Óvissa um áhrif / Vantar upplýsingar. Óvíst er eða háð útfærslu hvort skipulagstillaga eða framkvæmd styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði

³¹ Skipulagsstofnun (2007). Leiðbeiningar um umhverfismat áætlaða. Sótt 14. mars. 2025 á <https://www.skipulag.is/>.



4.4 UMHVERFISÞÆTTIR, VIÐMIÐ OG VÍSAR

Í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana kemur fram að í umhverfismati skuli greina, lýsa og meta, með tilliti til viðkomandi framkvæmdar eða áætlunar, bein og óbein umtalsverð áhrif á eftirfarandi umhverfisþætti:

- a. *íbúa og heilbrigði manna,*
- b. *líffræðilega fjölbreytni með sérstakri áherslu á tegundir og búsvæði sem njóta verndar,*
- c. *land, landslag, víðerni, jarðmyndanir, jarðveg, vatn, loft og loftslag,*
- d. *efnisleg verðmæti og menningarminjar,*
- e. *næmi framkvæmdar eða áætlunar fyrir hættu á stórslysum og náttúruhamförum,*
- f. *samspil þeirra þátta sem taldir eru upp í a–e-lið.*

Í umhverfismatinu er miðað við ofangreinda umhverfisþætti, en einstaka þættir brotnir upp í minni einingar.

Umhverfisviðmiðum er ætlað að lýsa æskilegri þróun með tilliti til sjálfbærni og umhverfismála. Þau byggja á stefnu stjórnvalda, svo sem landsskipulagsstefnu og markmiðum laga. Skilgreindar eru matsspurningar til að greina hvort stefnan í skipulagi styður eða vinnur gegn umhverfisviðmiðunum.

Neðangreint eru megin matsþættir í umhverfismati skipulagstillögunnar, þ.e. náttúruvarslegir þættir, menningarminjar og landslag, hagrænir þættir og innviðir og heilsa og öryggi, en þar eru skilgreind umhverfisviðmið og vísar fyrir hvern matsþátt. Jafnframt eru skilgreindar matsspurningar til að kanna hvort tiltekinn valkostur í skipulagi eða skipulagið í heild styður eða gengur gegn skilgreindum viðmiðum.



Náttúrufarslegir þættir

Umhverfisþættir	Umhverfisviðmið	Vísar	Matsspurningar
Vatn Vatnalíf Jarðvegur Jarðmyndanir Dýr Plöntur Líffræðileg fjölbreytni Loftslag	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Í 61. gr. er ákvæði um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja sem njóta verndar skv. lögnum. Landsskipulagsstefna 2024-2038. Áhersla A.4. <i>Skipulag stuðli að verndun og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, sérstæðrar náttúru og menningarminja.</i> Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum. Viðmiðið er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og vinna að aðlögun að loftslagsbreytingum. Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er m.a. að vernda vatn og vistkerfi þess og hindra frekari rýrnun vatnsgæða. Einnig að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd auðlindarinnar.	Verndarsvæði Náttúruminjar Líffræðileg fjölbreytni Vistgerðir og gróðurfar Loftslag Fuglalíf Vatnshlot Vatnalíf	- Hefur stefnan áhrif á lykilvistkerfi, svo sem mikilvæg fuglasvæði, ramsarsvæði eða gróð land? - Hefur stefnan/framkvæmdin áhrif á búsvæði fuglategunda? - Hefur stefnan/framkvæmdin áhrif á svæði á náttúruminjaskrá (friðlýst svæði, fólkvanga eða önnur svæði á náttúruminjaskrá)? - Hefur stefnan/framkvæmdin áhrif á svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, svo sem birkiskóga, mýrar og flóa stærri en 2 ha, stöðuvötn stærri en 1.000 m², sjávarfitjar og leirur og fossa? - Hefur stefnan/framkvæmdin í för með sér umfangsmikið beint rask og varanleg áhrif á jarðmyndanir? - Hefur stefnan/framkvæmdin áhrif á loftslagsmál, þ.e. veldur hún aukinni losun gróðurhúsalofttegunda? - Hefur stefnan/framkvæmdin áhrif á eða breytir straumvatns-, grunnvatns- og stöðuvatnshloti? - Er hætt á að stefnan/framkvæmdin valdi álagi eða hnignun vatnshlota og að þau nái ekki umhverfismarkmiði sínu um gott ástand? - Felur stefnan /framkvæmdin í sér áhrif á vatnalíf?



Menningarminjar og landslag

Umhverfispættir	Umhverfisviðmið	Vísar	Matsspurningar
Landslag Menningarminjar	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Meðal markmiða laganna (c. liður 1. gr.) er að tryggja rétt almennings til að fara um landið og njóta náttúrunnar og stuðla þannig að almennri útivist í sátt við náttúruna, landsmönnum til heilsubótar og velsældar. Í 69. gr. laganna segir að við hönnun mannvirkja skuli þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Landsskipulagsstefna 2024-2038. Áhersla A.5. Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð víðerni og landslagsheildir²⁴.	Ásýnd lands Landslagsheildir Röskun lands Óbyggð svæði Menningarminjar	- Hefur stefnan/framkvæmdin í för með sér umfangsmikið rask á landi sem breytir ásýnd lands? - Hefur stefnan/framkvæmdin áhrif á landslagsheildir eða sérstakt landslag sem hefur hátt gildi, svo sem m.t.t. náttúruminja, menningarminja eða útivistargildis? - Hefur stefnan/framkvæmdin áhrif á óbyggð víðerni? - Hefur stefnan/framkvæmdin í för með sér hættu á röskun á fornleifum?



Hagrænir þættir og innviðir

Umhverfisþættir	Umhverfisviðmið	Vísar	Matsspurningar
Íbúar Efnisleg verðmæti Loftslag	Landsskipulagsstefna 2024-2038. - Áhersla B.5. Skipulag stuðli að jöfnu aðgengi að orku um land allt og traustum veitunnviðum sem tryggja örugga afhendingu orku. - Áhersla C.2. Skipulag stuðli að orkuskiptum og að orkuauðlindir verði nýttar með sjálfbærum hætti, með það að leiðarljósi að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og tryggja orkuöryggi. - Áhersla C.6. Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands.²⁴	Íbúafjöldi Hagvöxtur Staða atvinnulífs og fjölbreytni Orkuframleiðsla Ferðaþjónusta Viðhorf ferðamanna	- Stuðlar stefnan/framkvæmdin að atvinnuuppbyggingu á svæðinu? - Stuðlar stefnan/framkvæmdin að sterkari innviðum og þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum? - Stuðlar stefnan/framkvæmdin að orkuskiptum og/eða bættri orkunýtingu? - Hversu líklegt er að stefnan/framkvæmdin hafi áhrif á komur útivistarfólks/ferðamanna á svæðið?



Heilsa og öryggi


Umhverfispættir	Umhverfisviðmið	Vísar	Matsspurningar
Heilbrigði manna Landslag Loft Hljóð Vatn	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Meðal markmiða laganna (c. liður 1. gr.) er að tryggja rétt almennings til að fara um landið og njóta náttúrunnar og stuðla þannig að almennti útivist í sátt við náttúruna, landsmönnum til heilsubótar og velsældar. Í 69. gr. laganna segir að við hönnun mannvirkja skuli þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Landsskipulagsstefna 2024-2038. Áhersla B.10. Skipulag geri viðeigandi ráðstafanir varðandi heilnæmi umhverfis²⁴. Reglugerð um hávaða nr. 774/2008. Markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum af völdum hávaða Reglugerð um loftgæði nr. 787/1999. Meðal markmiða reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum loftmengunar á heilsu manna og umhverfið og að draga úr mengun lofts. Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001. Markmið reglugerðarinnar er að vernda heilsu manna með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint.	Aðgengi að útivistarsvæðum Hljóðstig Loftgæði Vatnsgæði	- Hefur stefnan/framkvæmdin áhrif á loftgæði og hljóðvist? - Hefur stefnan áhrif á möguleika til útivistar og hreyfingar? - Eru líkur á stefnan/framkvæmdin orsaki mengun í grunnvatni og þannig haft áhrif á efnafræðilegt ástand grunnvatnshlota?



4.5 VALKOSTIR

Bornir eru saman Valkostur A, B og C ásamt núllkosti en valkostirnir fela í sér mun í staðsetningu stöðvarhúss og legu þrýstipípu frá stíflu, sjá *Mynd 4.1*.

- **Núllkostur.** Að ekki verði af uppbyggingu virkjunarinnar.
- **Valkost A.** Að stöðvarhús verði staðsett ofan Draugafoss og þrýstipípa grafin niður eftir austurbakka Staðarár að stöðvarhúsi.
- **Valkostur B.** Að stöðvarhús verði staðsett ofan Draugafoss og þrýstipípa grafin niður á vesturbakka árinna.
- **Valkostur C.** Að stöðvarhús verði staðsett neðan Draugafoss og þrýstipípa grafin niður á vesturbakka árinna.



Mynd 4.1 Valkostir um staðsetningu stöðvarhúss og þrýstipípu. (Loftmynd: Náttúrufræðistofnun, 2025)

4.6 ÁHRIF VALKOSTA

Í kaflanum er umhverfismat valkosta um staðsetningu stöðvarhúss og legu þrýstipípu sbr. ofangreinda skilgreiningu valkosta (kafla 4.5), umhverfispætti, viðmið og vísa í kafla 4.4 og vægiseinkunn í kafla 4.3.



Náttúrufarslegir þættir

Matsspurning/Vægis-einkunn	Núll-kostur	A	B	C
Hefur stefnan áhrif á lykil vistkerfi, svo sem mikilvæg fuglasvæði, ramsarsvæði eða gróíð land?	0	-	-	-
Hefur stefnan/framkvæmdin áhrif á búsvæði fuglategunda?	0	-	-	-
Hefur stefnan/framkvæmdin áhrif á svæði á náttúruinjasrá (friðlýst svæði, fólkvanga eða önnur svæði á náttúruinjasrá)?	0	0	0	0
Hefur stefnan/framkvæmdin áhrif á svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, svo sem birkiskóga, mýrar og flóa stærri en 2 ha, stöðuvötn stærri en 1.000 m², sjávarfitjar og leirur og fossa?	0	0	0	-
Hefur stefnan/framkvæmdin í för með sér umfangsmikið beint rask og varanleg áhrif á jarðmyndanir?	0	0	0	-
Hefur stefnan/framkvæmdin áhrif á loftslagsmál, þ.e. veldur hún aukinni losun gróðurhúsalofttegunda?	0	+	+	+
Hefur stefnan/framkvæmdin áhrif á eða breytir straumvatns-, grunnvatns- og stöðuvatnshloti?	0	-	-	-
Er hætt á að stefnan/framkvæmdin valdi álagi eða hnignun vatnshlota og að þau nái ekki umhverfismarkmiði sínu um gott ástand?	0	-	-	-
Felur stefnan /framkvæmdin í sér áhrif á vatnalíf?	0	-	-	-

Skýringar

Svæðið tilheyrir hvorki mikilvægum fuglasvæðum né Ramsarsvæðum, en framkvæmdin felur í sér neikvæð áhrif á gróíð land.

Framkvæmdin mun valda einhverri skerðingu á búsvæðum fugla og truflun á framkvæmdatíma. Áhrifin verða þó að hluta tímabundin þar til raskað gróðurlendi hefur jafnað sig.

Stefnan hefur ekki áhrif á svæði á náttúruinjasrá. Valkostir A og B hafa ekki áhrif á svæði sem njóta sérstakrar verndar. Valkostur C felur í sér 53% rennisskerðingu um Draugafoss sem nýtur verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Valkostur A felur í sér að þrýstipípa verður grafin að miklu leyti um mela sem hafa lágt verndargildi og raskar minna af grónu landi. Þrýstipípa í valkostum B og C er áætluð um gróíð land með meiri þekju vistgerða með herra verndargildi.

Allir valkostir fela í sér sömu veitingu á vatni úr Rauðá um gróíð land og sömu gerð uppistöðulóns.

Allir kostir fela í sér rask á jarðmyndunum. Engar jarðmyndanir sem njóta verndar eru á svæðinu.

Stefnan hefur tímabundin neikvæð áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda vegna losunar frá jarðvegi og rasks á grónu landi og umferðar vinnuvéla á framkvæmdatíma. Hún mun þó hafa jákvæð áhrif á rekstartíma þar sem afhendingaröryggi raforku eykst og dregur úr þörf á notkun díslrafstöðva.

Stefnan hefur þau áhrif að hluti vatnshlotsins 102-1417-R Staðará/Rauðá verður að stöðuvatni með myndun lóns ásamt því að hlutar þess, neðan veitumannvirkis og neðan stíflu, verða fyrir rennisskerðingu.

Rennisskerðingin er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á samfellu vatnshlotsins en ólíklegt er að umhverfismarkmið þess náist ekki.

Rennisskerðingin í árfarvegnum er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á vatnalíf í Staðará og Rauðá.



Menningarminjar og landslag

Matsspurning/Vægisæinkunn	Núll-kostur	A		B		C
Hefur stefnan/framkvæmdin í för með sér umfangsmikið rask á landi sem breytir ásýnd lands?	0	-	--	-	-	--
Hefur stefnan/framkvæmdin áhrif á landslagsheildir eða sérstakt landslag sem hefur hátt gildi, svo sem m.t.t. náttúruminja, menningarminja eða útivistargildis?	0	0	-	0	-	--
Hefur stefnan/framkvæmdin áhrif á óbyggð víðerni?	0	-	-	-	-	-
Hefur stefnan/framkvæmdin í för með sér hættu á röskun á fornleifum?	0	0	-	0	0	0

Skýringar

Stefnan hefur í för með sér neikvæð staðbundin áhrif á ásýnd lands. Valkostur C hefur meiri áhrif á ásýnd þar sem hann veldur rennisskerðingu um Draugafoss og stöðvarhús er staðsett neðan fossins. Pípuleið A liggur að hluta um ógróna mela með takmörkuðum möguleikum til uppgræðslu. Valkosturinn felur jafnframt í sér þverun árinna með steiptum undirstöðum, nokkru ofan við Draugafoss og það eykur líkur eru á jarðvegseyðingu og sýnileika rasks.

Stefnan, óháð valkostum, leiðir til skerðingar á nálægu óbyggðu víðerni um 24 km². Heildarflatarmál svæðisins fyrir skerðingu er skráð 4.109 km² og nemur skerðingin því um 0,6% af svæðinu.

Draugafoss telst til menningarminja vegna tengingar hans við þjóðtrú, eins er hann líklega forn drekkingarhýlur Skeggjastaðapings og yrði eins og fyrr segir fyrir neikvæðum áhrifum af valkosti C.

Nokkrar skráðar fornleifar eru innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og gætu því verið í hættu af framkvæmdinni. Fleiri fornminjar eru skráðar við pípuleið í valkosti A. Með merkingu minja á framkvæmdatíma er hægt að verja þær fyrir raski.



Hagrænir þættir og innviðir

Matsspurning/Vægisæinkunn	Núll-kostur	A	B	C
Stuðlar stefnan/framkvæmdin að atvinnuuppbyggingu á svæðinu?	-	++	++	++
Stuðlar stefnan/framkvæmdin að orkuskiptum og/eða bættari orkunýtingu?	-	++	++	++
Stuðlar stefnan/framkvæmdin að sterkari innviðum og þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum?	0	++	++	++
Er líklegt að stefnan/framkvæmdin hafi áhrif á komur útivistarfólks/ferðamanna á svæðið?	0	0	0	--

Skýringar

Afhendingaröryggi raforku batnar með tilkomu virkjunarinnar sem styður við atvinnuuppbyggingu á svæðinu.

Stefnan dregur úr þörf fyrir dísilrafstöðvar til framleiðslu raforku á svæðinu.

Sterkari innviðir skapa skilyrði fyrir jákvæðri þróun byggðar og styrkja búsetu á svæðinu.

Valkostur C myndi valda ofangreindum neikvæðum áhrifum á Draugafoss. Fossinn er einn af fáum fossum í Bakkafirði og hefur útivistar-, upplifunar- og menningargildi fyrir svæðið.



Heilsa og Öryggi

Matsspurning/Vægis Einkunn	Núll-kostur	A	B	C
Hefur stefnan/framkvæmdin áhrif á loftgæði og hljóðvist?	0	-	-	-
Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar?	0	-	-	- -
Eru líkur á stefnan/framkvæmdin orsaki mengun í grunnvatni og þannig haft áhrif á efnafræðilegt ástand grunnvatnshlota?	0	0	0	0

Skýringar

Búast má við tímabundnum áhrifum á loftgæði og hljóðvist vegna hávaða og rykmyndunar á framkvæmdatíma. Framkvæmdin hefur m.a. í för með sér talsverða umferð vinnuvéla og flutningabíla um Norðausturveg (85). Þessi áhrif hverfa að mestu á rekstartíma.

Stefnan er ólíkleg til að hafa áhrif á möguleika til útivistar og hreyfingar til framtíðar, en talsverð truflun verður á svæðinu á framkvæmdatíma. Valkostur C er líklegur til að breyta upplifun af svæðinu á rekstartíma virkjunarinnar.

Grunnvatnshlotið 102-292-G Austfirðir er óverulegur vatnsveitir, þ.e. vatnshlot með staðbundnu og takmörkuðu grunnvatnsstreymi og hefur ekki tengsl við yfirborðsvatn. Því er ólíklegt að stefnan hafi áhrif á grunnvatnshlotið.



Samantekt á umhverfisáhrifum valkosta

Heildarniðurstaðan er að öllum valkostum fylgir rask á grónu landi. Rask vegna þrýstipípu í valkostum B og C verður að mestu leyti tímabundið á framkvæmdatíma en lagast á rekstrartíma virkjunarinnar. Frágangur rasks vegna þrýstipípu í valkosti A kann að fela í sér meiri áskorun þar sem takmarkaðir möguleikar eru til uppgræðslu. Einnig þverar valkosturinn árfarveginn nokkru ofan við Draugafoss.

Rask á grónu landi og truflun á framkvæmdatíma munu líklega valda neikvæðum áhrifum á fuglalíf.

Allir valkostir fela í sér rennisskerðingar á einhverjum hluta vatnshlotsins Staðará/Rauðá. Rennisskerðingarnar valda neikvæðum áhrifum á vatnalíf neikvæð en ólíklegt er að umhverfismarkmið þess náist ekki..

Rennisskerðing í valkosti C er umfangsmeiri en í öðrum kostum. Rennisskerðingin nær niður fyrir Draugafoss sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga ásamt því að teljast til menningarminja og sem viðkomustaður ferðamanna. Valkostur C hefur því neikvæð áhrif á þessa þætti.

Möguleg hætta er á röskun fornleifa óháð valkostum en fornleifar eru í útjaðri fyrirhugaðra framkvæmdasvæða.

Allir kostir munu hafa talsverð jákvæð áhrif á hagræna þætti og innviði en allir stuðla þeir að uppbyggingu innviða sem renna stoðum undir atvinnuuppbyggingu og búsetu á svæðinu.

Heilt yfir fylgja neikvæðustu umhverfisáhrifin valkosti C og telur þar hæst rennisskerðing um Draugafoss sem fylgja önnur neikvæð áhrif eins og upp hefur verið talið. Helsti munurinn á valkostum A og B felst í umfangi rasks á vistgerðum með hærra verndargildi og möguleikum til frágangs.

Í skipulaginu er valkostur B útfærður þar sem niðurstaða matsins er sú að hann hafi minnst áhrif á umhverfið af þeim kostum sem teknir voru til mats.

4.7 HEILDARÁHRIF DEILISKIPULAGSINS

Mat á heildaráhrifum skipulagsbreytingarinnar er sett fram í matsskyldufyrirspurn framkvæmdarinnar, þ.e. Staðarárvirkjun; Allt að 1 MW vatnsaflsvirkjun – Fyrirspurn um matsskyldu. Matsskyldufyrirspurnin er því hluti af umhverfismatsskýrslu skipulagstillögunnar í samræmi við 9. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Samantekt umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar og skipulagsins samkvæmt matsskyldufyrirspurninni er eftirfarandi:

Framkvæmdin er talin geta haft talsvert neikvæð áhrif á vatnafar Staðarár og Rauðár og nokkuð til talsvert neikvæð og varanleg áhrif á vatnalíf. Áhrif á gróður eru talin líkleg til að verða óveruleg til nokkuð neikvæð, staðbundin og að hluta til tímabundin. Áhrif á loftslag eru metin líkleg til að verða nokkuð jákvæð þar sem orkuvinnsla á svæðinu kemur til með að minnka líkur á keyrslu varaafsl knúnu af jarðefnaeldsneyti sem kemur á móti raski á minni votlendissvæðum. Áhrif á fuglalíf er talin líkleg til að verða nokkuð neikvæð þar sem fáein pör mófugla missa búsvæði sín og fuglar verða fyrir truflun, að sumu leyti tímabundið. Jarðmyndanir eru metnar líklegar til að verða fyrir óverulegum til nokkuð neikvæðum áhrifum en ekki eru um að ræða jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar. Líklegt er talið að fornleifar verði fyrir óverulegum áhrifum.

Framkvæmdirnar eru taldar líklegar til að hafa nokkuð neikvæð áhrif á landslag og ásynnd. Ekki kemur til röskun á ásynnd á Draugafoss sem er rétt neðan stöðvarhúss virkjunar en skerðing verður á óbyggðum víðernum. Áhrif Staðarárvirkjunar á samfélag eru talin líklegt til að verða talsvert jákvæð, sérstaklega í ljósi bætts afhendingaröryggis raforku sem styður við möguleika til atvinnuuppbyggingar á svæði sem hefur glímt við fólksfækkun.

Að teknu tilliti til fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða framkvæmdaraðila að fyrirhuguð vatnsaflsvirkjun sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.